

M-33/2010. Álit 27. apríl 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. apríl 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-33/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 12. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, Y, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreiðinni A af fyrirtækinu Y 19. febrúar 2010. Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að kaupunum verði rift og að hann fái kaupverðið endurgreitt ásamt kostnaði við viðgerð á bifreiðinni að fjárhæð kr. 77.039. Þá kemur fram í álitsbeiðninni, sem verður að líta á sem varakröfu álitsbeiðanda, að hann fallist á að kaupin standi greiði seljandi kostnað við viðgerð sem eftir sé að framkvæma, þ.e. að gera við tvo hvarfakúta í bifreiðinni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 15. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 26. mars. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 16. apríl sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali undirrituðu 19. febrúar sl. keypti álitsbeiðandi bifreiðina A af Y. Bifreiðin var framleidd árið 2001 og fyrsti skráningardagur hennar var 29. október 2001. Bifreiðinni hafi verið ekið 126.000 km þegar kaupin fóru fram og kaupverðið var kr. 750.000.

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bifreiðina í góðri trú um að allt væri í lagi með hana. Svo hafi ekki verið og hafi hann þurft að fara með bifreiðina á verkstæði 5 dögum eftir kaupin. Skoðun og viðgerð á bifreiðinni hafi kostað kr. 77.039. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið fram á að seljandi endurgreiddi sér kaupverð bifreiðarinnar og viðgerðarkostnaðinn, en hann ekki fallist á það. Þá kveðst álitsbeiðandi vera tilbúinn til þess að halda bifreiðinni borgi seljandi viðgerðarkostnað sem eftir sé að greiða en um sé að ræða viðgerð á tveimur hvarfakútum sem hafi verið hreinsaðir út fyrir kaupin á bifreiðinni en því hafi verið leynt fyrir sér.

Á reikningi frá Y., sem er að fjárhæð kr. 77.039, segir m.a. eftirfarandi:

„Codalesa vél / codar á vél
p0305 gengur ekki á no 5
p0430 hvarfakútur v m banka 2 virkar ekki
skoðað með skanna
staðfest kútur virkar ekki
bilað kefli á no 5 sk um kefli
prufað er í lagi / laust inn í pústi
púst tekið niður

skoðað inn í báða hvarfakúta við greinar, fremri ónýtur, (ekkert inn í honum) aftari í lagi. Einnig er aftasti hvarfakútur tómur. Reynt að hrista úr pústakút fyrir aftan hvarfa leifar af hvarfa, gekk erfiðlega, er fast inn í honum. Sett inn á verk þar sem þarf að eiga.“

Framangreindur reikningur er að hluta til fyrir kertum og háspennukefli, samtals kr. 26.323.

Álitsbeiðni fylgdi vottorð um ástandsskoðun bifreiðarinnar sem verður að gera ráð fyrir að hafi farið fram fyrir kaupin, en dagsetning á vottorðinu er illlæsileg.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur að áliti kærunefndarinnar undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, en byggja verður á því að Y sé fyrirtæki sem hefur sölu bifreiða af atvinnu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað álits sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Samkvæmt því sem segir í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni A var ökutækið selt í núverandi ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við. Samkvæmt því gilda um kaupin m.a. eftirfarandi ákvæði laga nr. 48/2003.

■ **17. gr.** *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*

□ Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Í b-lið 1. mgr. 16. gr. laganna segir að leiði ekki annað af samningi skuli söluhlutur hafa þá eiginleika sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að varðar endingu og annað.

Í því máli sem hér um ræðir var söluhluturinn kominn nokkuð til ára sinn, þ.e. bifreiðin var rúmlega 9 ára gömul og hafði verið ekið 126.000 km. Þegar kaupin fóru fram. Bifreiðin var því kominn á þann aldur að álitsbeiðandi mátti búast við því að hún kynni að þarfnast einhverra viðgerða fyrr eða síðar. Það er hins vegar álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi hafi þrátt fyrir það ekki mátt búast við því að tveir af þremur hvarfakútum bifreiðarinnar væru tómir, en svo virðist sem búnaður kútanna hafi verið beinlínis fjarlægður og að það hafi verið gert í því skyni að ekki þyrfti að skipta um þá. Það er álit kærunefndarinnar að bifreiðin hafi verið haldin leyndum galla að því er

hvarfakútana varðar en þessi galli kom ekki fram við ástandsskoðun bifreiðarinnar og mátti heldur ekki gera ráð fyrir því að álitsbeiðandi kæmist sjálfur að því að bifreiðin væri haldin þessum galla, sbr. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003. Ástand bifreiðarinnar var því verra sem álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla, sbr. ákvæði a-liðar 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 sem rakið er hér að framan.

Fyrir liggur að skipti á tveimur hvarfakútum eru kostnaðarsöm einkum fremsta hvarfakútnum sem er áfastur pústgreininni og þarf því líka að skipta um hana.

Þegar um galla á söluhlut er að ræða getur kaupandi gripið til ákveðinna úrræða, sbr. ákvæði 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 en þar segir m.a. að seljandi geti krafist riftunar kaupanna samkvæmt ákvæðum 32. gr. laganna. Í 32. gr. segir að í stað afsláttar geti kaupandi krafist riftunar kaupanna nema galli sé óverulegur.

Kærunefndin telur, enda þótt gallar á bifreiðinni hafi verið nokkrir, séu þeir ekki það verulegir miðað við aldur bifreiðarinnar og akstur hennar að álitsbeiðandi geti krafist riftunar kaupanna samkvæmt framangreindum lagaákvæðum. Hins vegar telur kærunefndin að álitsbeiðandi eigi samkvæmt c-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 rétt á afslætti af kaupverði og verður að meta hann með tilliti til kostnaðar við að skipta um tvo hvarfakúta en jafnframt verður að líta til þess að nýtt kemur þá í stað gamals. Þá verður og að líta til þess kostnaðar sem álitsbeiðandi hefur nú þegar þurft að bera vegna gallans en einnig að taka tillit til þess að sá kostnaður var að hluta til vegna skipta á kertum og háspennukefli sem álitsbeiðandi þykir hafa mátt búast við að þyrfti að gera í jafn gamalli bifreið og hér um ræðir. Þegar tekið er tillit til þessara atriða þykir afsláttur af kaupverði bifreiðarinnar hæfilega ákveðinn kr. 190.000.

V

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, samtals kr. 190.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir